

1. Velkomin

Góðan dag!

Það gleður mig að sjá hve margir hafa brugðist við kalli okkar á Bygðastofnun um samstarf um mótun tillögu að byggðaáætlun fyrir árin 2010 til 2013. Iðnaðarráðherra hefur falið Bygðastofnun að vinna slíka tillögu og stefnir að því að leggja hana fram sem þingsályktunartillögu á Alþingi á vorþingi 2009.

Við ríkjandi aðstæður þótti okkur á Bygðastofnun brýnt strax í upphafi að heyra álit fulltrúa stofnana og sveitarfélaga sem við teljum eftirsóknarvert að hafa samráð við um mótun stefnumarkandi byggðaáætlunar. Þessum aðstæðum hafa ýmsir lýst þannig að mikið ryk sé í lofti eftir bankahrún og erfitt að eygja framtíðarmyndina og þá er auðvitað erfiðara að leggja leiðina fram en þegar loft er tært.

Við þurfum að leggja eins réttar áherslur og við getum í byggðaáætlun fyrir þessi fjögur ár, þegar íslensk þjóð mun hefja vinnu að endurreisn eftir hrunið. Þessar áherslur þurfa að byggjast á sýn til lengri framtíðar, til hagfelldrar þróunar í landinu til lengri tíma litið en fjögurra ára, til sjálfbærrar þróunar með félagslegt réttlæti og jafnræði að leiðarljósi. Við þurfum að spyrja stórra spurninga, margra spurninga, leita svara og breyta þeim í áherslur fyrir þróun til farsællar framtíðar.

Við þurfum að spyrja hvaða áherslur eigi leggja í byggðaáætlun 2010-2013? Eigum við að leggja áherslu á nýtingu staðbundinna auðlinda náttúrunnar? Á náttúruauðinn og nýtingu hans?

Á þekkingu, á menntun, á samhjálpinu í litlum samfélögum? Á mannauðinn, á félagsauðinn og hvernig við nýtum hann best?

Þess vegna er okkur fengur að liðsinni ykkar. Við munum í dag heyra nokkra vel valda framsögumenn flytja okkur viðhorf sín og í framhaldinu munum við setjast í mástofur og ræða áherslur og markmið fyrir byggðaáætlun undir 3 fyrirsögnum:

- Í fyrsta lagi efnahagur, atvinnulíf, sóknarfæri,
- Í öðru lagi menntun, menning, samfélag og
- Í þriðja lagi stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar.

Þar viljum við fá liðsinni ykkar, gott fólk, og í framhaldinu munum við leitast við að draga saman þessar áherslur og hafa með okkur í nesti til áframhaldandi vinnu við byggðaáætlun. Þetta málþing er upphaf. Við gerum okkur vonir um að geta haft samráð við ykkur á meðan mótunarvinnan stendur.

Við náum varla að spyrja allra spurninga í dag né að fá þeim öllum svarað. Gott upphaf er samt ofurmikilvægt.

2. Byggðaáætlanir - stjórnþæki

- a. Verðugt viðfangsefni stjórnvalda, að dreifa hagvexti
- b. Byggðaáætlanir sem lýsa framtíðarsýn
- c. Byggðamál – spanna flest þjóðmál

Byggðastefnu hafa flest ríki Evrópu og Evrópusambandið sjálf, til þess að lýsa áherslum stjórnvalda á dreifingu efnahagslegra og samfélagslegra gæða og til nýtingar þessara gæða lands og sjávar. Réttlát byggðastefna er þar talið verðugt viðfangsefni stjórnvalda. Byggðastefna varðar flest samfélagsmál þannig að erfitt er að skilgreina byggðamál sem einn málaflökk, heldur vitnar það um viðhorf, stefnu eða menningu að fjalla um samfélagsmál með skírskotun til byggðapróunar – sem byggðamál.

Byggðastefnu setja stjórnvöld fram með ýmsum hætti, sum með landsáætlunum um uppbyggingu, með lýsingum á markmiðum, leiðum og áætlunum um fjármögnun. Evrópusambandsþjóðir þurfa að setja fram áætlanir um að nýta fjármagn úr uppbyggingarsjóðum bandalagsins og áætlanir eru víða hluti af lýðræðispróun, þar sem leitast er við að opna áætlunarferla, mynda framtíðarsýn sem samstaða næst um og samþætta áætlanir og stefnur.

Ísland er fámennt og svo dreifbýlt að það nær ekki lágmarki á alþjóðlegum viðmiðunarkvörðum í þessum málaflökki. Kannski gefur það tilefni til að spyrja hvort það sé neðanmáls að móta byggðastefnu fyrir Ísland þó byggðastefna sé víðast hvar talin verðugt viðfangsefni þjóðmála. Spyrja má hvort stefnumótandi byggðaáætlun sé vettvangur fyrir framtíðarsýn fyrir þróun íslensks samfélags og lýsi leiðum að henni.

3. Byggðaáætlun – rammi, megináherslur

- a. Lög um Byggðastofnun
- b. Verk iðnaðarráðherra
- c. Samráð við Byggðastofnun, ráðuneyti, sveitarfélög
- d. Byggðaáætlun – ESA-svæðið án frumvinnslugreina, fiskvinnslu og stóriðju

Gerð byggðaáætlunar – stefnumótandi þingsályktunartillögu um byggðamál – byggist á 7. grein laga um Byggðastofnun frá 1999. Slíka tillögu skal iðnaðarráðherra leggja fyrir Alþingi til fjögurra ára í senn og endurskoða á tveggja ára fresti. Ráðherra skal vinna tillöguna í samstarfi við Byggðastofnun og leita samráðs sveitarfélaga og fleiri aðila eftir þörfum.

Við endurskoðun byggðaáætlunar gerir iðnaðarráðherra Alþingi grein fyrir framvindu áætlunarinnar og samkvæmt gildandi áætlun skipar hann sérstaka verkefnisstjórn til að stjórna framvindu hennar.

Byggðaáætlun nær yfir Ísland utan við höfuðborgarsvæðið, þangað sem íslenska ríkinu er heimilt að beina byggðastuðningi samkvæmt reglum ESA um byggðastyrki. Áætlunin hefur þó ekki náð til allra málaflokka s.s. útgerðar, fiskvinnslu, landbúnaðar og stóriðju. Byggðastofnun vinnur þó með fyrirtækjum í flestum greinum atvinnulífs utan höfuðborgarsvæðisins.

4. Byggðaáætlun – aðferð

- a. Markmið, áherslur, aðgerðartillögur
- b. Árangur? Mat?
- c. Verkefnisstjórn
- d. Fólklutningar – markmið?
- e. Samhengi: Kannanir, rannsóknir-tillögur um úrbætur
- f. Byggðastefna ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, SA

Í byggðaáætlunum síðustu tímabila hafa verið settar upp áherslur og markmið og tillögur verið mótaðar um aðgerðir til þess að ná þessum markmiðum. Árangur af þessu áætlunarstarfi hefur löngum reynst erfitt að mæla og mælikvarðar verið óljósir. Oft virðist eini nothæfi mælikvarðinn hafa verið fólksfjöldaþróunin. Fækkar eða fjölgar? Heilmikil þróun hefur þó verið á þessu sviði. Markmið gefa kost á árangurmati með tilliti til markmiða, bæði í byggðaáætlun og fjárstuddum verkefnum í tengslum við hana, t.d. verkefnum atvinnuþróunarfélaga og vaxtarsamningum. Þá hefur könnunum verið beitt t.d. úttektum á hagþróun landshluta.

Verkefnisstjórn með fulltrúum ráðuneyta, sem ætlað hefur verið að fylgjast með og stýra framvindu byggðaáætlunar, hefur þó ekki reynst nægilega vel.

Mikilvægt er að beita könnunum og rannsóknum til þess að lesa af árangur og lýsa úrbótum, betri leiðum að settum markmiðum. Til dæmis um þetta má nefna Kannanir á hagþróun landshluta og samhengi byggðaþróunar og umferðarkerfis. Samhangandi ferill áætlanagerðar og rannsókna er því eftirsóknarverður og að byggðastefna og tillögur í byggðaáætlunum byggist þannig á staðreyndum eftir því sem kostur er. Slíkur áætlunarferill gæti gefið tilefni til samráðs þeirra sem láta sig byggðastefnu varða og það verður að telja líklegra til árangurs að þessir aðilar leiti eftir því að setja upp sameiginlega framtíðarsýn og áherslur frekar en að gera slíkt hver fyrir sig. Þarf Samband íslenskra sveitarfélaga að hafa aðra byggðastefnu en ríkið – eða Samtök atvinnulífsins? svo dæmi séu nefnd.

5. Gildandi Byggðaaætlun – viðfangsefni

- a. Aðgerðatillögur
- b. Sérstök áhersla: Vaxtarsamningar
 - Dreifistjórn, dreift frumkvæði, samstarfsform
 - Nýsköpun
 - Markaður

Segja má að fyrir gildandi byggðaaætlun 2006-2009 hafi Alþingi sett 3 áhersluflokka. Í fyrsta lagi eftirfarandi meginmarkmið:

- a. Að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum, og
- c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni. Áherslur gildandi byggðaaætlunar.

Í öðru lagi sérstaka áherslu á

gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, bættar samgöngur og fjarskipti og styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands og annarra mikilvægra atvinnu- og þjónustumiðstöðva á landsbyggðinni.

Í þriðja lagi þrjú meginatriði sem leiðarljós:

- a. Að stórefla menntun á landsbyggðinni.
- b. Að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni.
- c. Að efla Byggðastofnun og gera henni kleift með framlögum í fjárlögum að sinna mikilvægum verkefnum á sviði byggðamála.

Í gildandi byggðaaætlun er lýst 23 aðgerðartillögum fyrir þróun í átt að markmiðum. Vaxandi áhersla hefur verið á vaxtarsamninga og dreifistjórn, að flytja ábyrgð og framkvæmd út í landshlutana og iðnaðarráðuneytið hefur gert slíka samninga við 7 svæði á landinu. Í vaxtarsamningunum hefur klasasamstarf verið áherslumál.

Af aðgerðartillögum má sjá áherslur á samgöngur, fjarskipti, nýsköpun og samkeppnishæfni.

6. Byggðaáætlun núna

- a. Næsta 4 ára tímabil: kreppa
- b. Öðru vísi byggðaáætlun
- c. Staða byggða, staða höfuðborgarsvæðis, staða atvinnuvega – ?
- d. Félagsauður, samfélagseiginleikar, -styrkleiki, -veikleiki
- e. Aðrar áherslur, önnur markmið?

Við mótun tillögu um byggðaáætlun fyrir tímabilið 2010-2013 vaknar spurningin um það hvernig halda skuli á málum í fjármálakreppu, í samfélagskreppu. Að hverju á að beina kröftunum? Eiga áherslur að verða aðrar, breyttar eða verða veikleikar jafnvel styrkleikar? Breytist staða höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, breytist vægi samfélaga, vægi atvinnugreina? Breytist metnaður okkar og áherslur? Stefnum við á draumalandið, framtíðarlandið eða nýja Ísland?

Í byggðastefnum er víða áhersla á fjölmenningu og ein af þeim spurningum sem þarf að spyrja fyrir íslenska byggðapróun er hvort íslensk menning sé ein menning eða hvort byggðir landsins hafi menningarleg sérkenni sem þarf að þróa og hvort í þeim séu fólgin verðmæti til framtíðar.

7. Málþing

Samráðsstofnanir

Áherslur – ekki öll mál – heldur fyrirsagnirnar

Getum við í sameiningu gert tillögur um

Áherslur

Markmið

Aðgerðasvið

Aðferðir: Samráð, árangursmat, endurbætur

Við þurfum að spyrja margs og leita svara og ég ítreka þakkir mína fyrir liðsinni ykkar, gott fólk. Við væntum þess að eftir framsöguerindi munið þið taka þátt í málstofum til þess að leggja fram spurningar og þróa svör við þeim. Á þessu stigi er breiddin eftirsóknarverð, við getum farið í dýptina í framhaldinu. Byggðastofnun mun vinna úr niðurstöðum og leita samráðs við frekari úrvinnslu.

Við leitum eftir stóru línunum, markmiðum og áherslum, aðferðum við mótun, framkvæmd og mat á árangri og við leitum eftir því að fá lýst skilningi stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga á mikilvægi byggðamála og þeim metnaði sem er hæfi við íslenska byggðaaætlun.

Hugsanlega hefði mátt bíða með þetta málþing um hríð, leyfa rykinu að falla meira, eins og ýmsir hafa sagt við okkur í aðdraganda þess. Okkur er hins vegar ekki til setunnar boðið – og málþingið í dag markar ekki endi samráðsferils – heldur upphaf hans.